

## AUGLÝSING

### um takmörkun á innflutningi á parahnetum frá Brasilíu.

#### 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á parahnetum (brasilíuhnetum) í hýði sem upprunnar eru í Brasilíu og ætlaðar eru til manneldis.

#### 2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

#### 3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins parahnetur frá Brasilíu sem falla undir tollskrárnúmerið 0801.2100.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi hvorki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni.

#### 4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki aflatoksín B1 né önnur aflatoksín yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 97/2003 um gildistöku tiltekinna gerða Evrópusambandsins um aðskotaefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

#### 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði sem vísað er til í XII. kafla, II viðauka (ákvörðun 2003/493/EB). Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstofnunin, 7. ágúst 2003.*

F. h. r.

**Þórður H. Ólafsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*